AUGLÝSING

um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna og eldisfiska frá.

1. gr.

Aðeins er heimilt að flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum ríkjum, sbr. 2. til 6. gr.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem eru á skrá Fiskistofu yfir viðurkennda aðila.

Albanía	Gambía	Lettland	Óman	Tansanía
Argentína	Gana	Litháen	Pakistan	Tékkland
Ástralía	Gvatemala	Madagaskar	Panama	Túnis
Bangladess	Indland	Malasía	Perú	Taívan
Brasilía	Indónesía	Maldíveyjar	Pólland	Úrúgvæ
Chíle	Íran	Marokkó	Rússland	Venesúela
Eistland	Jamaíka	Máritanía	Senegal	Víetnam
Ekvador	Japan	Márítíus	S-Afríka	Yemen
Falklandseyjar	Kanada	Mexíkó	Seychelleseyjar	
Filippseyjar	Kína	Namibía	Singapúr	
Fílabeinsströndin	Kólumbía	Nígería	S-Kórea	
Færeyjar	Kúba	Nýja-Sjáland	Taíland	

3. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5., og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hafa fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Alsír	Fidjieyjar	Ísrael	Nikaragúa	Sviss
Angóla	Franska Polynesía		Nýja Kaledónía	Simbabwe
Antígva[1]	Gabon	Kamerún	Papúa Nýja Gínea	Tógó
Aserbaídsjan[2]	Grenada	Kenía	Rúmenía	Tyrkland
Bahamaeyjar	Grænland	Kostaríka	Sankti Helena	Úganda
Bandaríkin	Gínea Conakri	Króatía	Sankti Pierre og Miquelon	Ungverjaland[3]
Barbúda[1]	Hollensku Antillaeyjar	Kýpur	Salómonseyjar	
Belís	Hondúras	Malta	Slóvenía	
Benín	Hong Kong	Mósambík	Srí Lanka	
Erítrea	Hvíta Rússland	Myanmar	Súrínam	

[1] Aðeins heimilt að flytja inn ferskan fisk.
[2] Aðeins heimilt að flytja inn kavíar.
[3] Aðeins heimilt að flytja inn lifandi sjávardýr til manneldis.

4. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá viðurkenndum svæðum og starfsstöðvum sem eru á skrá Fiskistofu þar um.

Ástralía
Chíle
Jamaíka
Marokkó
Perú
S-Kórea
Túnis
Tyrkland
Víetnam

5. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá svæði og starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Kanada
Færeyjar
Grænland
Nýja Sjáland
Bandaríkin

Einnig er heimilt að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá Tælandi sem hafa sætt hitameðferð eða verið sótthreinsaðar í samræmi við gildandi reglugerð.

6. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskimjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem ætlað er til dýraeldis frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr. auk Úkraínu og Portó Ríkó enda komi mjölið frá skráðri starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

7. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 835 frá 16. nóvember 2000, um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá, með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. janúar 2001.

F. h. r.
Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.